PRENTAÐ: þriðjudagur, 9. júlí 2019 16:22:55



AFSTÖÐUMYND
1:500



X - SÉRMYND - NÝBYGGINGAR
1:200

MATSHLUTAR		
Matshluti nr.	Númer	Lýsing
Mhl. 01	-	Spennistöð
Mhl. 02	BT01	Bikbirgðatankur - 1100 m³
Mhl. 03	BT02	Bikbirgðatankur - 1650 m³
Mhl. 04	IBL01	Lífolíutankur - 100 m³
Mhl. 06	-	Dæluhús
Mhl. 07	-	Hitaolíuskúr
Mhl. 08	-	Stöðvarhús
Mhl. 09	BT03	Bikbirgðatankur - 2200 m³
Mhl. 10	BÞT01	Bikþeytutankur - 35 m³
Mhl. 11	BÞT02	Bikþeytutankur - 35 m³
Mhl. 12	BÞT03	Bikþeytutankur - 20 m³
Mhl. 13	BÞT04	Bikþeytutankur - 35 m³
Mhl. 14	DAG01	Daggeymir - 35 m³
Mhl. 15	BT04	Asfaltbirgðageymir - 3700 m³
Mhl. 16	BT05	Asfaltbirgðageymir - 3700 m³
Mhl. 17	-	Töfluhús

Landnúmer: L122093
Staðgreinir: 6760-0160
Nýtingarhlutfall lóðar: 0,3

UMSÓKN UM BYGGINGALEYFI, SKÝRINGAR:

Sótt er um byggingarleyfi fyrir byggingu tveggja 3700 m³ asfaltgeyma á nýrri sameiginlegri lóð nr. 16 við Óseyrarbraut í Hafnarfirði.
- Nýir asfaltgeymar verða byggðir úr stáli og staðsettir á nýrri steyptri undirstöðu. verða þeir staðsettir við hlið geymis BT03.
- þvermál hvers geymis er 17,21 m. nafnrúmmál er 3700 m³. geymarnir eru hannaðir fyrir 180°C heitan vökva með eðlisrýmd 1.000 kg/m³ í samræmi við ÍST EN 14015:2010
- Geymarnir verða einangraðir með 300 mm þykkri steinull. Klæðning á belg er standandi trapisubáruplötur á hliðum en slétt á toppi tanks, "grá" að lit, eða sama lit og BT02.
- Geymarnir verða tengdir saman með göngubrú, stiga og flóttaleið.

Samþykkt þann 10. júlí 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

Sótt er um leyfi til að byggja stoðvegg milli lóða nr. 16 og nr. 18. , girðing ofan á vegg verður samskonar og núverandi á lóðamörkum lóða 16 og 18.
Sótt er um leyfi til að reisa 36 m² hús undir rafmagnstöflur og annan rafbúnað tengdum starfsemi lóðarinnar.
Sótt er um leyfi til að leggja steyptan stokk í nýrri akstursleið í norðurhluta lóðarinnar. Stokkur hýsir löndunarlögn.
Sótt er um leyfi til að setja upp 2 m háa girðingu með aksturshliði á lóð nr.16 meðfram Óseyrarbraut.
Sótt er um leyfi til að setja upp 2 m háa girðingu á lóð nr. 16 meðfram suðurgarði.
Sótt er um leyfi til að reisa stoð- og þróarveggi í tengslum við breytingar á lóð.

Steinsteypt töfluhús verður byggt á svæðinu. Húsið mun hýsa rafmagnstöflur og rafbúnað tilheyrandi fyrir svæðið. Grunnflötur hús er 36 m². Útveggir, þak og gólf eru úr steinsteypu. Útveggir eru einangraðir með plasteinangrun að innan, múraðir og málaðir, að utan er yfirborð með borðaáferð mótauppsláttar. Þak verður klætt að innan með steinull og kerfislofti. Kerfisgólf úr stáli verður í húsinu. Rými verður lofræst með ristum í hvorum enda byggingar. Byggingin er í notkunarflokki 1 skv. Byggingarreglugerð. Töfluhúsið er með reykskynjara. Tvær flóttaleiðir eru úr byggingu.

Ný mannvirki á lóðinni eru grunduð á stálstaurum sem eru steypufylltir og grautaðir. Staurarnir eru reknir á berg og eru búnir bergskó til að tryggja festu og stöðuleika. Í ailt voru reknir 160 staurar, 150 staurar fyrir tvo geyma, 6 staurar fyrir töfluhús og 4 staurar fyrir minni mannvirki.

Á sameinaðri lóð verða hæðasetningar útfærðar þannig að lóðin myndi einskonar skál og virki sem ein stór lekaþró í tilfelli meiriháttar leka úr birgðageymi. Umhverfis nýju geymana verður gengið frá yfirborði og umhverfi á sama hátt og nú er umhverfis eldri geyma. Þannig munu minni lekar haldast á afmörkuðu svæði svo auðvelt sé að hreinsa upp ef óhapp verður. Yfirborð annað en þrær fyrir minni leka verður malbikað.
Viðtökuflatarmál þróar fyrir smáleka ~ 2000 m²
Viðtökurúmmál þróar fyrir smáleka ~ 950 m³
Viðtökuflatarmál allrar lóðarinnar ~9000 m²
Viðtökurúmmál allrar lóðarinnar ~ 4500 m³
Veggur og girðing sem aðskildi lóðir nr. 20 og nr. 16 verða fjarlægð.

NÚVERANDI AÐSTÆÐUR ÓSEYRARBRAUT 16:

Um er að ræða asfaltbirgðastöð með 3 asfaltgeymum, (verða 5) 3 íblöndunartönkum, 4 bikþeytutönkum og dagtanki. Stöðvarhús með afgreiðslu- og blöndunarbúnaði ásamt tilheyrandi mengunarvarnarþróm, afgreiðsluplani og löndunarlögn sem liggur frá löndunarbryggju að asfaltgeymum. 2 starfsmenn eru að staðaldri við stöðina.

Við breytingu á skipulagi hafa lóðirnar Óseyrarbraut 16 og 20 verið sameinaðar undir lóðarnúmeri Óseyrarbrautar 16 og nýr byggingarreitur skilgreindur fyrir sameinaða lóð. Aðkoma að hinni sameinuðu lóð eru tvær að sunnanverðu, ein að vestanverðu og ein að austanverðu. Allar aðkomur að lóðinni verða með læstum hliðum.

Bílastæði á lóð eru 4 og eru staðsett á suðvestur hluta lóðar við aðkomu að sunnanverðu (sjá afstöðumynd).

Sorpgeymslur á lóðinni verður staðsett við steyptan kant og girðingu á lóðarmörkum Óseyrarbrautar 16 og 18 (sjá afstöðumynd)

ASFALTGEYMAR:

Nafnrúmmál geyma:
BT01 er 1100 m³ en mesta mögulega fylling er 950 m³.
Belgþvermál er um 10,5 m og belghæð 12,6 m.
BT02 er 1710 m³ en mesta mögulega fylling er 1650 m³.
Belgþvermál er um 13,37 m og belghæð 12,2 m.
BT03 er 2320 m³ en mesta mögulega fylling er 2.200 m³.
Belgþvermál er um 17,2 m og belghæð 10 m.
Geymarnir eru hannaðir fyrir 180°C heitan vökva með eðlisrýmd 1.000 kg/m³ í samræmi við BS2654:1989 og API 650 (BT01 og BT03) og ÍST EN 14015 (BT02).
Um er að ræða einangraða og klædda stálgeyma. Einangrunin er 250 mm þykk steinull. Klæðning á belg er standandi trapisubáruplötur en á topp geyma er klæðningin slétt og skrúfuð á krossviðarplötur sem festar eru við þakgrind.

AÐRIR GEYMAR:

Aðrir geymar eru í sérstakri lekaþró með steyptum veggjum og vökvaþéttum botni.
Bikþeyta: 3x35 m³ og 1x20 m³
Daggeymir: 1x35 m³
Íblöndunargeymir (Ethyl ester): 1x100 m³
(Þessir geymar eru hannaðir og framleiddir samkvæmt ÍST EN 12285-2:2005.)
Aðrir smágeymar eru geymdir innan þróa.

STÖÐVARHÚS:

Stöðvarhúslð er steinsteypt og einangrað. Grunnflötur þess er 280 m². Utan við stöðvarhús er malbikað afgreiðsluplan.
Í stöðvarhúsinu eru afgreiðsludælur, íblöndunardælur, stjórnbúnaður og rafmagnsskápar. Einnig er vörugeymsla, starfsmannaðstaða og skrifstofa í byggingunni. Heitolíukerfi til upphitunar á lögnum ásamt tilheyrandi er í skúr við asfaltgeyma.

LÖNDUNARLÖGN:

Löndunarlögnin sem liggur frá viðlegukanti að asfaltgeymum er að mestu niðurgrafin og lögð í steyptan stokk undir aksturleið að austanverðu til að koma í veg fyrir ákeyrslu.
Um er að ræða DN200 stállögn úr heildregnu efni samkvæmt DIN2458.
Lögnin er einangruð með steinull og PUR inni í PEH ø450 - SDR26/PE100 hlífðarröri.

MENGUNARVARNIR:

Mengunarvarnir uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Veggir í þróm umhverfis asfaltgeyma eru steyptir. Þróarbotn er uppbyggður af vel þjappaðri grús með malarlagi yfir. Regnvatn úr þró verður losað um niðurföll sem tengd verða sand- og olíuskilju. Komið verður fyrir loka við þróarvegg sem eingöngu verður opin undir eftirliti.
Þró umhverfis bikþeytu, íblöndunar og daggeyma er með steyptum hliðum og vökvaheldum botni.
Þróin er staðsett við hlið asfaltþróa eins og uppdrættir sýna. Regnvatn úr þrónni er losað um niðurfall sem tengt er sand- og olíuskilju.
Loki er á lögninni utan við þróarvegg og er hann eingöngu opinn undir eftirliti. Niðurföll á steyptu afgreiðsluplani og gólfum inni í stöðvarhúsi eru einnig tengd við olíuskilju.
Stærð og gerð sand- og olíuskilju er samkvæmt ÍST 858 og "Leiðbeiningum um olíuskiljur", 3. útgáfu frá UST.

BRUNAVARNIR:

Brunavarnir eru í samræmi við reglugerð um eldfima vökva nr. 188/1990.
Hins vegar er rétt að árétta að asfalt hefur blossamark um 280°C (min 220°C) og telst því ekki eldfimur vökvi samkvæmt skilgreiningu (eldfimur vökvi er með blossamark allt að 100°C).
Allar öryggisfjarlægðir innan stöðvarinnar miðast við að asfaltið sé B-vökvi og hvítsprinn sé A-vökvi.
Loðin er öll malbikuð og því engin hætta á sinu- eða gróðureldum.
Aðvörunarskilti eru uppi um að á svæðinu séu geymdir eldfimir vökvar. Einnig eru uppi skilti sem banna reykingar og meðferð opins elds á lóðinni. Slökkvitæki eru staðsett á viðeigandi stöðum í samráði við eldvarnaeftirlit. Sjá nánar um brunavarnir í minnisblaði Mannvits til byggingarfulltrúa í Hafnarfirði, skjal nr: 2110155-000-HMO-0002, dagsett þann 22.05.2019.

MERKING TANKA:

BTXX - Asfalt / bikgeymar
BÞTXX - Bikþeytugeymar
ÍBLXX - Íblöndunargeymar
DAGXX - Dagtankar
ÚRGXX - Úrgangsolía

Allar málsetningar eru í mm

Allir kótar eru í hæðarkerfi Reykjavíkur
Allir kótar eru í m

G=X,XX Táknar kóta á lóðarmörkum skv. hæðarblaði Hafnarfjarðarbæjar.
K=X,XX Táknar kóta á hönnuðu yfirborði eða hæð á steyptum kanti.

10.07.2019
UMHVERFISSTOFNUN
Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík
Tel. 591 2000 • Fax 591 2010

Teikningar samþykktar, uppfylla þarf öll viðeigandi ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir, gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

9.7.2019
MANNVIT hf.
Kt. 430572-0169
Brunavarnir yfirfarnar

10.07.2019

ÚTGÁFUFERILL					
ÚTG.	DAGS.	SKÝRINGAR	HANNAÐ	YFIRF.	SAMÞ.
01	23.05.2019	AÐALUPPDRÁTTUR	BK	AMS	AMS
02	09.07.2019	UPPFÆRT EFTIR ATHUGASEMDIR BYGGINGARFULLTRÚA	BK	AMS	AMS

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 09.07.2019 — AÐALHÖNNUÐUR F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.): MANNVIT hf. Andri Hrafn Sigurðsson Kt. 170583-4429 AMS

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 09.07.2019 — SAMÁBYRGÐARHÖNNUÐUR/ÁBYRGÐARSTJÓRI (NAFN OG KT.): MANNVIT hf. Andri Hrafn Sigurðsson Kt. 170583-4429 AMS

BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM - DAGS.: - ÚTGÁFA:

HLAÐBÆR COLAS

HÖNNUÐUR
MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS: HLAÐBÆR - COLAS
ÓSEYRARBRAUT 16
220 - HAFNARFJÖRÐUR

HEITI TEIKNINGAR:
AÐALUPPDRÁTTUR:
STÆKKUN BIRGÐASTÖÐVAR
AFSTÖÐU- GRUNNMYND OG BYGGINGARLÝSING

FRUMÚTGÁFA	MKV.		STÆRÐ
23.05.2019	1:500 / 1:200		A1
VERKNÚMER	VERKHLUTI	TEIKNINGANÚMER	ÚTGÁFA
2110157	000	CDR-A001	02

TÖLVUSKRÁ: S:\2-VNR\110157-Hlaðbær Colas\7 TEIKNINGAR\Burðarvirki-afl.dwg